



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



**Austurborg**

**2024-2025**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
2 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	9
4 Innra mat Kattholts.....	11
5 Innra mat Ólátagarðs.....	14
6 Innra mat Bangslands .....	17
7 Innra mat Putalands .....	23
8 Innra mat verkefnisstjóra .....	27
9 Innra mat sérkennslu.....	28
10 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	32
11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	33
12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	34
13 Foreldrasamvinna .....	34
14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	35
15 Fylgiskjöl .....	35



# Leiðarljós leikskólans

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Hjá okkur í Austurborg voru tveir starfsmenn í kennaranámi þetta skólaár. Annar starfsmaðurinn var að klára B.Ed. í leikskólakennarafræðum og hinn að klára M.T. í kennslufræði yngri barna í grunnskóla. Að auki var einn starfsmaður í leikskólaliðanámi í haust og lauk því í lok árs 2023.

Tveir starfsmenn í stjórnunarteyminu fóru í langtímaveikindi, annar í maí og hinn í júní. Við lentum í þeirri stöðu um haustið að okkur vantaði starfsfólk og urðum þess vegna að fresta aðlögun nýrra barna lengra fram á haustið svo að við hefðum starfsfólk til að taka á móti þeim börnum. Þegar leið á haustið gátum við ráðið góða starfsmenn til okkar. Sérkennsla var mun minni þetta árið en árið áður og því fækkaði í sérkennsluteyminu okkar.

Árlega haustfundinn með foreldrum nýrra barna héldum við í ágúst. Aðalfundur foreldrafélagsins var í nóvember og á hann fengum við Emelíu Rafnsdóttur frá Miðju máls og læsis til að vera með fræðslu á fundinum.

Kvennaverfall var þann 24. október og var leikskólinn lokaður þann dag. Það eru fjórir karlmenn starfandi hjá okkur og þeir mættu til vinnu þennan dag og sinntu öðrum verkefnum sem þurfti að gera þótt börnin væru ekki í skólanum.

Starfsdagarnir okkar voru nýttir á fjölbreyttan hátt. Við fengum nokkra fyrirlesara til okkar á starfsdögum. Lilja Ýr Halldórsdóttir, hegðunarráðgjafi og Björn Rúnar Egilsson, heimspekingur komu með fræðslu til okkar í haust.

Síðar um haustið kom Valdís Birta Arnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Heilsuvernd til okkar með fyrirlestur um smitsjúkdóma barna, smitleiðir og forvarnir.

Í febrúar kom Kristín Einarsdóttir frá Leikur að læra til okkar með hvatningu en við vinnum mikið með Leikur að læra kennsluaðferðina og því er mikilvægt að fá reglulega góða hvatningu og fræðslu til upprifjunar og einnig fyrir nýtt starfsfólk.

Jónína Einarsdóttir, leikskólastjóri í Stakkaborg, kom til okkar og kynnti Viðverustjórnun Reykjavíkurborgar. Einnig voru ýmiss konar kynningar og fræðsla sem starfsfólk innan húss sá um.

Þann 17. maí var haldin sameiginlegur starfsdagur *MenntaStefnumót* allra starfsmanna Skóla og Frístundasviðs borgarinnar. Það var haldið í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og var einskona uppskeruhátíð um hið góða starf sem unnið er í borginni og fagna þeim árangri sem Menntastefna Reykjavíkur hefur áorkað, ásamt því að eiga samtali um menntun til framtíðar. Sameiginlegri dagskrá var í streymt frá Hörpu og svo var fjölbreytt stafræn fræðsla sem starfsmenn fengu að velja sér að fara á. Eftir hádegi tókum við síðan þátt í kynningarsmiðjum sem voru á vegum Norðurmiðstöðvar í sal Vogaskóla þar sem leikskólar úr hverfinu sýndu og kynntu áhugaverð verkefni sem hefur verið unnið að í skólunum. Við tókum þátt í þeirri smiðju og kynnti Ísleifur Örn Garðarsson verkefnastjóri í Austurborg verkefnið sitt um *Markvissa Hreyfingu barna*.

Í desember voru elstu börnin með helgileik en það er fastur punktur í starfi okkar hér í Austurborg. Æfingar gengu vel og síðan sýndu þau helgileikinn fyrir næstum fullu húsi í Grensáskirkju. Elstu börnin tóku einnig þátt í Barnamenningarhátíðinni og fór hún fram fyrir fullu húsi í Hörpunni þann 23. apríl.



Starfsmannafélag skólans er virkt, sem er mikilvægt fyrir starfsandann. Félagið sér um að halda reglulega viðburði í skólanum eins og t.d. bíómyndakvöld, Pub Quiz (barsvar), jólagleði, pílu kvöld og haldnar grillveislur. Einnig eru hópar að hittast reglulega til að spila og fleira. Það er dýrmætt og mikilvægt að hafa virkt starfsmannafélag með skemmtinefnd sem er öflug að setja inn alls kyns viðburði sem eru í boði fyrir alla að taka þátt í. Það styrkir hópinn mikið og eflir hann félagslega. Okkur finnst það skila sér svo áfram í daglegu starfi, samskiptum á milli starfsfólks og ekki síst í kringum börnin. Þau skynja vináttu og virðingu starfsfélaga og er það þeim góð fyrirmynd.

#### Haldið var upp á 50 ára afmæli Austurborgar 13. Júní 2024

Skólinn á afmæli þann 1. júlí en þá eru svo margir farnir í sumarfrí þannig að við völdum að færa afmælið. Börnin eru búin að taka virkan þátt í afmælisundirbúningnum með verkefnum og söngæfingum. Einnig fengu þau söngatriði úr leikritinu *Drottningin sem kunnir allt nema?* Börnin gáfu ekkert eftir í söngnum en þau höfðu verið búin að æfa sönglög um veturinn og vakti það mikla hrifningu þeirra að fá leikritið til okkar.

Á afmælisdegi leikskólans fengu börnin að gjöf bol merktan Austurborg, pylsupartý í hádeginu síðan var í boði hoppukastalar, andlitsmálning, söngatriði og samvera með foreldrum og gestum. Boðið var uppá afmælisköku, djús og kaffi og allir fóru ánægðir heim eftir vel heppnaðan dag.

Úr afmælisræðu leikskólustjóra:

*Það er fagnaðarefni að halda uppá hálfri alda afmæli leikskólans og ástæða til að vera stolt af því mikilvæga hlutverki sem Austurborg hefur gegnt í því samfélagi, skóla sem hefur verið happasæll og borið gæfu í að mennta yngstu kynslóðina. Alveg frá upphafi höfum við lagt áherslu á umhverfi sem byggist á umhyggju, virðingu og nám í gegnum leik þar sem hugmyndir barna og hæfileikar fá að blómstra.*

*Á þessum tímamótum er við hæfi að þakka sérstaklega því frábæra starfsfólki sem hefur gegnt lykilhlutverki í að móta og viðhalda gæðum og stefnu leikskólans ásamt öllum foreldrum og forráðamönnum sem hafa treyst okkur fyrir menntun og velferð barna sinna. Því að hver kynslóð sem hefur gengið í gegnum þessar dyr hefur skilið eftir sig dýrmæt看an arf sem hefur mótað framtíð Austurborgar.*



## 1 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Hér var lagt mat á stjórnun, uppeldis og menntastarf (t.d. þættir menntastefnu sem allur leikskólinn er að vinna að), mannauður/leikskólabragur, innra mat

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Líðan í starfi	Starfsmannaviðtöl	Starfsmenn	<p>Starfsmönnum líður almennt mjög vel í vinnunni. Þeim finnst þeir fá tækifæri til að nýta styrkleika sína í starfi.</p> <p>Mikið er lagt upp úr að hrista starfsmannahópinn saman og það hefur reynst mjög vel. Hópurinn er fjölbreyttur dreifður aldur, mismunandi persónur og kyn.</p> <p>Samheldinn hópur sem er duglegur að hittast líka fyrir utan vinnu og gera skemmtilega hluti saman.</p> <p>Það er mikill styrkur að hafa samheldinn starfsmannahóp og einnig er gott að hafa hann svona fjölbreyttan.</p>



			Við leggjum áherslu áfram á að reyna að hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna.
<b>Barnamenning</b>	<p>Í daglegu starfi, formleg og óformleg samtöl.</p> <p>Einnig var metið hvernig gekk eftir hátíðina.</p>	Starfsmenn, börn og foreldrar	<p>Við tókum þátt í Barnamenningahátíðinni eins og áður. Börnin fengu reglulegar stundir þar sem þau æfðu þau sönglög sem tilheyrðu hátíðinni og áfram unnið með þemað í hópastarfi og samverustundum. Úr varð stórt og skemmtilegt verkefni þar sem lokapunkturinn var á Barnamenningarhátíðinni sjálfri í Hörpu.</p> <p>Starfsmenn, börn og foreldrar hafa verið mjög ánægðir og stoltir af börnunum í þessu verkefni.</p> <p>Þessu verkefni fylgir mikil vinna og það er mikilvægt að það náist að gefa rými fyrir undirbúning, æfingar og þá vinnu sem fylgir þessu skemmtilega verkefni.</p>



<p><b>Mannauður</b></p>	<p>Samtöl í stjórnendateymum</p>	<p>Stjórnendur</p>	<p>Mannauður leikskólans er fjölbreyttur og dýrmætur. Ólíkir einstaklingar sem hafa mismunandi styrkleika.</p> <p>Það hefur gefist okkur vel.</p> <p>Við erum með leikskólakennara, starfsmenn með aðra háskólamenntun, starfsmenn með iðngreinapróf, tónlistarpróf og starfsmenn með mismunandi þekkingu og reynslu af lífinu.</p> <p>Það er styrkleiki fólgin í svona fjölbreyttum hópi og mikilvægt að fagaðilar fái tækifæri til að miðla til þeirra sem hafa ekki fagmenntun og þannig eru þeir styrktir í starfi með börnum og geta nýtt sitt nám og reynslu enn betur.</p>



## Ytra mat

Viðhorfskönnun starfsmanna **Stofnun ársins** var framkvæmd á vegum Skóla- og frístundasviðs í október til nóvember 2023.

### Þessir þættir voru metnir:

Stjórnun 4,02

Starfsandi 4,67

Launakjör 2,78

Vinnuskilyrði 3,60

Sveigjanleiki í vinnu 4,10

Ímynd 4,60

Sjálfstæði í starfi 4,22

Ánægja og stolt 4,25


Jafnréttindi 4,52

Meðalskor flestra þátta var yfir 4,00 af 5,00 mögulegum.


## Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

### Leikskólinn Austurborg

#### Hæstu 5



#### Lægstu 5



Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.

Það sem lesa má úr þessari starfsmannakönnun er að launakjör gætu verið betri en því miður eru þau mál ekki á okkar valdi. Það sem við getum bætt er hljóðvistin í skólanum ásamt vinnuskilyrði starfsmanna og verður farið í að skoða þá þætti.





## 2 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Við viljum alltaf bæta okkar starf með börnum, foreldrum og starfsfólki. Við höldum áfram með það sem vel gengur og bætum við fleiri góðum hlutum. Skólaárið 2024 – 2025 leggjum við áfram áherslu á faglega starfið okkar. Rauði þráðurinn hefur verið Leikur að læra, Lubbi og málörvun. Við ætlum að leggja áherslu á að þemastarf hvers tíma sé sýnilegt og skráð. Einnig er mikilvægt að hlúa að mannauðnum okkar og reyna að gefa sem flestum kost á að sækja námskeið til að efla öryggi og líðan í starfi.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbótanna	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Starfsmannafundur</b>	Hafa áhugaverða fræðslu og námskeið á starfsmannafundum.	Vera dugleg að finna fjölbreytt námskeið og fyrirlestra sem nýtast í starfi.	Leikskólastjóri/ Aðstoðarleikskólastjóri	Hau st 23	Vor 24	Eftir starfsdaga eru starfsmenn spurðir hvernig þeim finnst þeir geti lagt til um starfið og ef þeir hafi farið á námskeið hvernig nýtist það í námi með ungum börnum	Að starfsfólk hafi tækifæri til endurmenntunar sem svo styrkir þá í starfi og eykur vellíðan og öryggi.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Stefna skólans</b>							
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
<b>Líðan í starfi</b>	Við viljum að starfsfólki líði vel í vinnunni og upplifi öryggi.	Þössum upp á að búnaður og tæki sem þarf að nota sé til staðar.	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri	Hau st 2024	Vor 2025	Starfsmannaviðtöl tekin við allt starfsfólk skólans	Formleg og skipulögð tarfsmannasamtöl alltaf einu sinni á ári og að auki óformlegri



		Einnig að passa upp á að allir fái tækifæri til undirbúnings og annars sem nauðsynlegt er.					samtöl reglulega yfir árið
Innra mat							

### 3 Innra mat Kattholts

Kattholt er elsta deild leikskólans. Á Kattholti þennan vetur var hreinn árgangur barna fædd 2018, alls 28 börn. Verkefni deildarinnar þennan vetur voru fjölbreytt:

- Leikur að læra
- Vináttuverkefni Barnaheilla
- Lubbi finnur málbein
- Hreyfing, íþróttir og leikir
- Útikennsla
- Verkefni í samstarfi við Hvassaleitisskóla



- Menningartengdir viðburðir
- Barnalýðræði
- Listasmiðja og sköpun

Þeir þættir sem við settum í umbótaráætlun seinasta árs voru:

**Vináttuverkefni Barnaheilla:** Gekk vel og þeim meginmarkmiðum sem sett voru fram í umbótaáætlun seinasta árs náðust. Unnum mikið með tilfinningar og heilbrigðar leiðir til þekkja og að tjá þær. Börnin gátu betur þekkt sín mörk og lærðu að virða betur mörk annarra.

- **Styrkleikar:** Auðvelt er að nota það fjölbreytta námsefni sem er til staðar með Blæ bangsa og nýta með barnahópnum.
- **Tækifæri til umbóta:** Það mætti samþætta Vináttuverkefni betur við þau þemu og viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni í barnahópnum.

**Barnalýðræði og „Barn vikunnar“ verkefnið:** Það gekk í heildina mjög vel. Fórum t.a.m. í heimsókn á Alþingi þar sem börnin fengu fræðslu um lýðræði. Börnin fengu að kynna Barnasáttmálanum og verkefnum tengd honum. Við héldum barnakosningar um viðfangsefni verkefna sem unnin voru, t.d. verkefni um vísindi, þar sem börnin völdu að læra um geiminn og stjörnufræði og verkefni um náttúru Íslands þar sem börnin völdu um viðfangsefnið og fuglalíf Íslands varð fyrir valinu. Verkefnið *Barn vikunnar* fékk aukið vægi þar sem var bætt við aukinni ábyrgð og frjálsari hendur í þeim verkefnum sem því fylgja.

- **Styrkleikar:** Þar sem börnin fengu að kjósa um verkefni út frá sínu áhugasviði, gekk mjög vel að vinna þau, börnin sýndu þeim öllum mikinn áhuga og voru sjálf að koma með hugmyndir. Leiddi það til mikillar sköpunar og fjölbreytni í leikskólastarfinu.
- **Tækifæri til umbóta:** Hægt væri að ganga ennþá lengra með lýðræðisþáttinn og fá börnin til að t.d. koma með hugmyndir að reglum deildarinnar, hafa kosningar um hvaða reglur þau vilji að gildi á deildinni. Hafa kosningarnar sjálfar haldbærari og niðurstöður kosninga innan hópsins sýnilegar og aðgengilegar fyrir börnunum. Vinna meira með Barnasáttmálann.

**Leikur að læra (LAL):** Starfsfólk deildarinnar var meðvitað um að kennslustundir í LAL væru sameiginleg ábyrgð allra á deildinni, allir fengu tíma til að kynna sér LAL og gátu skipulagt og sett upp kennslustund í LAL.

- **Styrkleikar:** Það gekk mjög vel að samþætta LAL stundir við þau þemu og viðfangsefni sem börnin höfðu kosið um hverju sinni. Mikil samvinna var innan starfshóps deildarinnar í þessu og allir komu sínum hugmyndum í framkvæmd.



- **Tækifæri til umbóta:** Við gætum virkjað foreldra betur í LAL þannig að þau geti tekið aukinn þátt og jafnvel komið með hugmyndir sjálf. Aukið vægi á foreldrahlutann í LAL væri því öllum til hags.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vináttuverkefni Barnaheilla	Samþætta Vináttuverkefni við önnur verkefni deildarinnar.	Aukin umræða milli starfsfólks um Blæ bangsa, skiptast á hugmyndum og hafa Blæ með í hópastarfi.	Deildarstjóri ber ábyrgð, starfsfólk deildarinnar framkvæmir í sameiningu.	Ok-tóber2024	Máí 2025	Skráningar, gagnasöfnun	Blær bangsi og Vináttuverkefni eru sýnilegri í daglega starfinu, t.d. LAL og Lubbasmiðju.
Barnalýðræði	Aukin umsvif, börnin hafi víðtækari áhrif á deildina,	Börnunum kynnt lýðræðis hugtakið, Barnasáttmál	Deildarstjóri og starfsfólk í sameiningu.	september2024	Máí 2025	Könnun meðal barnanna. Kannað hvað þeim fannst um áhrif sín á	Að börnin hafi jákvæða upplifun og finnst



	reglurnar og verkefni þess. Meiri sýnileiki. Kynna okkur betur Barnasáttmál a Sp.	inn. Kosningar og hafa það allt sjónrænt.				deildarstarfið. Notast við könnunaraðferð.	hlustað á sig.
LAL	Aukið foreldrasamtarf.	Hafa foreldravekni 1x í viku, hafa LAL sýnilegra foreldrum.	Verkefnastjóri og starfsfólk deildarinnar	September 2024	Júní 2025	Skráningar og gagnasöfnun.	Könnun lögð fyrir foreldrum í foreldraviðtali að vori.
Vika 6	Taka þátt í vika 6	Nýta sér hugmyndirnar fyrir leikskólastigið sem eru til á netinu frá reykjavíkurborg	Deildarstjóri ber ábyrgð, starfsfólk deildarinnar framkvæmir í sameiningu	Vika 6 (byrjun febrúar)		skráningar	

#### 4 Innra mat Ólátagarðs

Innra mat á Ólátagarði

Ólátagarður er næst elsta deildin á Leikskólanum Austurborg. Í vetur voru 26 börn á deildinni, allt börn fædd 2019.

Megináherslur vetrarins voru:

- Leikur að Læra
- Vináttu verkefnið
- Lubbi finnur málbein
- Vísindi



- Vinna með tilfinningar
- Fjölskyldan mín
- Barn vikunnar

### **Leikur að læra**

Við byrjuðum að vinna með Leikur að læra eftir áramót. Það gekk mjög vel og börnin mjög áhugasöm.

**Tækifæri til umbóta:** Foreldra verkefnið gleymdist stundum, aðalega vegna þess að það var ekki einn ákveðin starfsmaður sem bar ábyrgð á því. Þannig það er eitthvað sem má laga á næsta ári.

### **Lubbi**

Við unnum með Lubba í samverustundum. Börnin voru mjög áhugasöm og klár að finna orð sem byrjuð á ákveðnum staf. Stundum náðum við að færa Lubba inn í frjálsa leikin þar sem við skrifuðum niður orð sem byrjuðu á staf vikunnar og hengdum upp á vegg. Í haust vorum við að safna beinum fyrir Lubba og gátu börnin komið með bein að heiman þar sem þau voru búin að skrifa niður bækur sem þau voru búin að lesa heima á beinin. Það gekk rosalega vel og safnaðist fullt af beinum.

**Tækifæri til umbóta:** Við náðum þó ekki að fara í gegnum alla stafina. Það væri gott að byrja fyrr á Lubba kannski í september/október og hafa verkfenið út apríl/maí Það er því eitthvað sem má gera betur og laga skipulagið.

### **Samverustundir**

Við fórum að vinna markvissara í samverustundum, þar sem við unnum með mismunandi þema, bækur og félagsfærnisögur. Við unnum með tilfinningar út frá bókunum Litríkar tilfinningar og Sokkalabbarnir. Við töluðum um mismunandi tilfinningar og atburði þar sem við fundum fyrir þessum tilfinningum. Við lásum félagsfærnisögur og gerðum minningar kúlur. Við ræddum einnig hvað er hægt að gera til að láta manni líða betur ef maður er reiður, leiður eða hræddur.

Við unnum með söguna og leikritið Drottningin sem kunnir allt. Lásu söguna oft og lærðum lögin úr leikritinu. Mjög skemmtilegt verkefni sem endaði svo á að fá leikarana úr sýningunni í heimsókn.

Við unnum með bókina Fjölskyldan mín og töluðum um hvað fjölskyldur geta verið ólíkar. Börnin sögðu okkur svo frá fjölskyldunum sínum og teiknuðu myndir og fengu þau sjálf að hengja myndirnar sínar upp á vegginn.



## Vinátta

Vináttu verkefnið gekk mjög vel og voru börnin áhugasöm. Við reyndum svo að grípa í spjöldin ef það komu upp atvik eða ágreiningar sem þurfti að ræða með barnahópnum.

**Tækifæri til umbóta:** Við unnum með vináttuna í september - október. En sáum að það væri gott að taka það aftur upp og rifja upp td. í mars- apríl.

## Vísindi

Við unnum með allskonar tilraunir í vetur með vatn og frost og svo með fræ og plöntur. Við bjuggum líka til mold úr lífrænum úrgangi. Við bjuggum líka til snjó. Þetta voru allt rosalega skemmtileg verkefni.

## Jólasveina jóga

Um jólin vorum við með jólasveina jóga sem gekk rosalega vel. Mikill áhugi hjá börnunum. Allir jólasveinarnir eiga sína jóga æfingu og gerðum við þær daglega eftir því hvaða jólasveinn var að koma að gefa í skóinn. Börnin voru svo hvött til að sýna fjölskyldum sínum þessar æfingar heima og gera með fjölskyldunni. Mynd af æfingunum og textabútur fyrir hvern svein var líka hengt upp í fataklefanum svo foreldrar gætu fylgst með. Við vorum svo með jólasveina jógastund í salnum nokkrum sinnum, þar sem við gerðum allar æfingarnar með sögu um jólasveinanna. Börn og foreldrar voru almennt mjög áhugasöm um þetta verkefni.

## Þemadagar

Þemadagarnir gengu rosalega vel. Í Haust komu krakkarnir með hugmyndir að þemu sem við drógum svo fyrir hvern mánuð. Það gekk rosalega vel og var mikill áhugi bæði hjá starfsmönnum og börnum og jafnvel foreldrum.

**Tækifæri til umbóta:** við vorum með þemadagana út júní en það er alveg spurning að klára þá bara í maí, vegna anna í júní. En þetta árið var leikskólinn reyndar að halda upp á stórafmælið sitt í júní.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur





<b>Leikur að Læra</b>	Aukið foreldra-samstarf	Hafa foreldra-verkefni markvist 1 sinni í viki.	Deildastjóri ber ábyrgð í samstarfi við starfsfólk.	Okt.	Mái.	Metið á deildarfundum og með skráningum.	Foreldrar og börn minnt á og verkefninu fylgt eftir í fataklefa.
<b>Vinátta</b>	Hafa verkefnið á Haustin og upprifjun á vorin.	Að umræða um spjöldin séu aftur tekin upp í mars apríl	Deildarstjóri ber ábyrgð í samstarfi við starfsfólk	Sept-nóv	Apríl-mái	Metið á deildarfundum og í samverustundum með börnunum.	Gripið í spjöld og umræður þegar það koma upp ágreiningar.
<b>Lubbi</b>	Vikuáætlun fyrri hvern bókstaf og taka meira inn í deildarstarfið	Spjalla um bókstaf vikunnar í frjálsa leiknum.	Deildarstjóri ber ábyrgð í samstarfi við starfsfólk	okt	apríl	Metið út frá áhuga barnanna og á deildarfundum.	Hafa Lubba sýnilegri inn á deild.

## 5 Innra mat Bangslands

Bangsaland er næst yngsta deildin á Austurborg. Veturinn 2023-2024 voru 21 börn öll fædd árið 2020, nema eitt fætt árið 2019 og eitt 2021. Aðaláherslur Bangslands hafa verið að hjálpa börnunum að vera vinir og hluti af hópnum, kenna þeim að deila, spyrja um leyfi og vera kurteis. Það var unnið með sjálfstæði barna, til dæmis með því að hjálpa þeim að læra að nota klósett, klæða sig sjálf, að taka saman inn á deild, að hella og skera matinn sjálf. Flest börnin eru orðin mjög dugleg og sjálfstæð.

Við erum öll stolt af því hvernig barnahópurinn hefur þroskast og ánægð með hvað skólastarfið hefur gengið vel þennan vetur.

Hér að neðan kemur samantekt úr niðurstöðum frá starfi hjá Bangslandi skólaárið 2023-2024:

**Listasmiðja:** Deildin hafði aðgang að listasmiðjunni einu sinni í viku. Í listasmiðju fengu krakkarnir ýmis tækifæri til sköpunar og föndurvinnu: það var unnið með að líma, lita, klippa, litablöndun og fleira. Listasmiðja var skipulögð bæði sem einstaklingaverkefni en líka hópaverkefni. Eitt dæmi af hópaverkefnum sem öll, bæði kennararnir og krakkarnir, tóku þátt í er afmælisdagatal fyrir deildina, sem er tré sem sýnir árstíðirnar sem líða.

Listasmiðja var vel tengt með þemu sem voru unnin inn á deild. Verk sem voru unnin í þemastarfi voru meðal annars ég og fjölskyldan (sem var unnið í veturmisseri), þá gerðu þau sjálfsmynd og fjölskyldumynd, sem voru svo notaðar til að skapa jólagjöf fyrir foreldra, sem var dagatal, þar var eitt verk notað fyrir hvern mánuð.





**Tónlist:** Í tónlistartímum fengu krakkarnir að skoða og kanna mismunandi hljóðfæri, hlusta á hvaða hljóð þau gera, syngja saman og læra ný lög. Tónlistartímar voru að minnsta kosti einu sinni í viku, bæði í samveru eða/og sem hópaverkefni á fimmtudögum.



**Lubbi finnur málbein:** Verkefnið var unnið að minnsta kosti einu sinni í viku, oft í samveru en stundum sem hópaverkefni, svo var af og til útikennsla. Í veturmisseri var unnið eitt málhljóð í viku, en í vormisseri var ákveðið að vinna hvert málhljóð í tvær vikur, því að æfing og endurtekning skipta máli.



**Leikur að læra:** Leikur að læra hefur verið fast einu sinni í viku og var unnið sem hópaverkefni bæði inn á deild og í útikennslu. Foreldraverkefni hófust í vormisseri og var fast á mánudagsmorgnum. Það var lögð áhersla á þekkingu bókstafa, t.d. var unnið mikið í kringum upphafsstafi barnanna, tölustafi,



form og auðvitað að allir væru að skemmta sér vel. Í tilefni dýraþema, sem var unnið í vormisseri, var lært um algeng dýr í íslensku dýralífi og var notað dýrateppi til að leika með.



**Vísindi:** Verkefnið var fast einu sinni í viku og áhersla var lögð á umhverfisfræði, útikennslu, stærðfræði, tilraunir og skynfæri. Markmiðið var að æfa rökhugsun barna og skynfærin og vekja hugmyndaflug barnanna. Krakkarnir áttu tækifæri t.d. til að skoða náttúruna í kring, læra um árstíðir og fylgjast með árstíðarbreytingum. Svo eitthvað sé nefnt sem dæmi, það var unnið eldgos tilraun með matarsóða og mataredik; ljósaborð var notað til að leika með og skoða náttúrufræði; börnin fengu að mála snjó, svo að það var unnið í kringum litablöndu í gegnum skemmtileg verkefni. Stærðfræði verkefni voru gerð reglulega, bæði í útiveru og inn á deild, þar sem var leikið með tölur, form og liti.



#### Ferðir:

- **Bókasafns heimsóknir:** deildin fór tvisvar fyrir áramót og einu sinni í mánuði frá janúar til maí. Í hvert skipti var lesið fyrir okkur tvær eða þrjár sögur, síðan var frjáls lestur og börnin



fengu að velja og skoða bækur sjálf. Bókasafnsferðirnar gáfu börnunum tækifæri til að æfa að fara í ferð, vera í röð, ganga saman, en líka æfa sig að hlusta og lesa í aðstæður (eins og sitja kyrr eða hafa hljóð á bókasafni).

- **Leiksóla heimsóknir:** Bangsaland hefur skemmt sér í nokkrum heimsóknum í öðrum leikskólum í Reykjavík.
- **Námsferðir:** í vormisseri fór deildin í Perluna, þar sem börnin voru skráð á námskeið: *Upplifunarferð um sýninguna Vatnið í náttúru Íslands* ([Upplifunarferð fyrir leikskóla | Náttúruminjasafn Íslands \(nmsi.is\)](#)) og tvisvar í húsdýragarðinn, þar sem börnin tóku þátt í *Húsdýrin okkar og Hugrakkir krakkar* námskeiðum ([Skólahópar Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn \(mu.is\)](#)). Báðar ferðirnar voru mjög áhugaverð og skemmtileg námstækifæri. Við tókum strætó bæði til að fara í Perluna og í Húsdýragarðinn, svo að börnin æfðu sig að taka strætó og skemmtu sér mikið.



**Ýmisleg verkefni sem fóru fram reglulega inn á deild:** T.d. klippa, líma, lita, perla, púsla, leira og leika með öðruvísi tegund af kubbum. Þessi verkefni gáfu börnunum tækifæri til að æfa og efla fín hreyfifærni, einbeitingu, samvinnu, samskipti, stærðfræðileg hugtök (eins og rúmfræði og rúm skipulag, samhverfa) og ímyndunaraflið.





**Samvera:** Börnin tóku þátt í samveru, allur barnahópurinn saman. Í samveru var farið yfir dagsplan með sjónrænu dagskipulagi. Fyrir útiveru var farið yfir hvernig krakkar þyrftu að klæða sig í til að fara út. Í samveru voru unnin mismunandi verkefni eins og Lubba verkefni, bókabíó, söngstund, leikir eins og hver er undir teppinu, tónlistartími, félagsfærnisögur og fleira.



UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Hópastarf	Allt skólastarfið hefur verið skipulagt sem hópastarf, en ekki með fasta hópa.	Skipta krökkunum í hópa og passa að fylgja hópaskiptingu nni.	Deildarstjóri ber ábyrgð	Hefst í september	Enda r í lok maí	Metið á deildarfundum. Endurskoða hópaskiptinguna reglulega, með því að taka til greina framfarir hjá börnunum og samskipti á milli þeirra.	Greinileg námsframvinna og þróun samskipta krakkanna.
Samvera	Hafa tvískipta samveru til að gefa krökkunum meira tækifæri til að tjá sig og hafa rólegra umhverfi.	Skipta krökkunum í tvo fasta hópa og ákveða ábyrgð starfsamanna vikulega (hverjir verða með samveru).	Allir starfsmenn inn á deild	Hefst í ágúst	Enda r í júlí	Endurskoða hópaskiptingu reglulega, athuga árangur umræðna í samveru og þátttöku barnanna.	Krakkarnir hafa tækifæri til að tjá sig. Samverur verða frábært tækifæri til umræðna, til að deila hugmynda og styðja þekkingu.
Gefðu 10	Að hafa Gefðu 10 verkefnið sýnilegra og markvissara.	Deildastjóri á að setja skýrar niður í verklýsingu dagsins, festa verkefnið við vaktir, leggja áherslu á mikilvægi skráninganna svo að fólkið missir ekki sjónar á verkefninu á hverjum degi).	Deildarstjóri ber ábyrgð, starfsfólk framkvæmir	Hefst í september	Enda r í lok maí	Fara yfir skráningarblað reglulega til að passa að allir fjöltyngdir krakkar séu að taka þátt í verkefninu reglulega.	Íslenskukunnáttu fjöltyngdra barnanna eflast. Börnin ná meiri hæfni í tjáningu, ná tökum á dýpri orðaforða og skilningu flóknari setningar.



## 6 Innra mat Putalands

Yngsta deildin í leikskólanum er Putaland. Börnin eru fædd 2021 og 2022. Árið hófst með aðlögun og áherslan lögð á að börnin og foreldra kynnist leikskólanum og vellíðan þeirra til að hefja skólaárið vel. Þemun í haust og vor voru farartæki, litir, tilfinningar út frá skjaldböku aðferðinni sem kom frá Norðurmiðstöð, vorið og náttúran okkar og 50 ára afmæli Austurborgar. Unnið var út frá mismunandi þáttum tengdum sköpun, læsi, sjálfbærni, hreyfingu og vísindi og verkefni byggðu á áhuga og reynslu barna. Auk þess var unnið með félagsfærni barna, að leika saman og samskipti þeirra, þar að auki sjálfsstæði barna og eru núna flest börnin hætt með bleiu.

### Lubbi finnur málbein:

Í samverunni kom Lubbi oft í heimsókn en var Lubba námsefnið einnig samþætt með þema deildarinnar. Málhljóðakassar voru útbúnir með hlutum og/eða spjöld sem byrjuðu á því málhljóð sem var þá vikuna.



### Vináttaverkefni Blær og samverustundir:

Vináttuverkefnið Blær var einnig nýtt í samveru með börnunum, bókin fyrir yngstu börnin var skoðuð og rædd, farið í leiki og sungið. Síðan var mikið sungið í samverunni, leikið sér með hljóðfæri eins og trommu og hristu, dansið, farið í jóga og lesið bækur. Börnin hafa aðgengi að bókum og geta sest og skoðað. Við notuðum loðtöflu sögur í samverustundum og lásur bækur sem voru markvisst notaðar til að lesa í litlum hópum til auka orðaforða og upplifanir.





### Listasmiðja:

Börnunum fannst mjög spennandi að fara í listasmiðju og fengu þau að vinna með mismunandi efnivið og fannst þeim skemmtilegast að mála, líma og æfðu sig að klippa. Listasmiðja var oft tengd þema deildarinnar.

### Leikur að læra:

Í leikur að læra var unnið með litina, dýrin, líkamsparta, tölustafi, mynd af sér og stafinn sinn í gegnum þrautabrautir og leiki. Foreldraverkefnið var oftast gert þegar börnin komu inn á deild á morgnanna, einu sinni í viku.



### Íþróttir:

Verkefnastjórnin var með íþróttir, þar sem börnin tókust á við stóra þrautabrautir eða hreyfileiki og fór þetta fram inn í sal á þriðjudögum.



### Útikennsla:

Börnin fóru oft að minnsta kosti einu sinni út á dag. Í útivera fengu þau sér að leika frjálst, boðið upp á verkefni þar sem þau fengu að leika sér með vatn og sand, Lubbi fór stundum með okkur út, jafnvel í samstarf með Bangsalandi og farið í gönguferðir í hverfinu. Börnin löbбуðu en þau fengu einnig að sitja í kerru. Tvisvar var farið á bókasafnið.







### Vísindi:

Þegar það var komið frost, léku börnin sér með vatn, fylltu mismunandi flát með vatni, matarlit og náttúrulegum efnum eins og fræ og könglær. Flát var sett út og fylgdist með hvernig vatnið breyttist í klaka. Snjórin var tekið inn og léku þau sér með snjóinn í stóru kari. Um vorið sáðu börnin papríkufrae og þegar það var orðið að plöntu tóku þau plönturnar með sér heim.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
LAL	Foreldraverk efni reglulega og tengd með þemu og verkefni sem eru gerð	Hafa foreldraverk efni aðgengilegt og tilbúin.	Hafa starfsmann fastann í verkefni nu	Sept.	júní	Þátttaka og virkni foreldra og barna	
Lestur	Hafa góðar bækur til staðar, tengd þemu	Panta tíma hjá bóksafninu, fá lánaðar	Allir á deild	Í byrjun skólaárs	Við skólas lit		



	deildarinnar og fara á bókasafn	bækur af bókasafninu					
--	---------------------------------------	-------------------------	--	--	--	--	--



## 7 Innra mat verkefnisstjóra

Á líðandi ári var unnið með hreyfifærni barna, styrk, þor og gleði í gegnum hreyfingu. Starfið fól í sér að búa til íþróttastundir fyrir allar deildir þar sem þau fengju ríkulegt og fjölbreytt tækifæri til að efla hreyfifærni, styrk og þor í gegnum hina ýmsu skemmtun.



Þrautabrautir voru áberandi enda

gefa þær gífurlega gott tækifæri til hreyfingar. Hugað var af samhæfingu með klifri, jafnvægisslám og þrautum sem skora á útsjónarsemi. Börnin fengu tækifæri til að efla hug sinn, t.d. með misháum stökkpöllum.

Einnig voru leikir sem huguðu að samstarfi og samhæfingu og almennt var mikið fjör í vor.

Verkefnið fór af stað í janúar í stað september líkt og áætlað var sökum langtímaveikinda og afleysinga sökum þess. Þegar það þó fór af stað gekk það mjög vel og börnin voru gríðarlega ánægð og töluðu foreldrar um að þau væru extra spennt að koma í leikskólann þá daga sem þeirra deild var með skráðan íþróttatíma.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangu r
Verkefnastjóri mun vera með umsjón yfir öðru verkefni	Styrkja starfið sem fylgir Leikur að Læra inni á eldri deildum	Verkefnastjór i mun fara með umsjón yfir Leikur að Læra á deildunum tveimur	Verkefnastjór i	Haust 2024	Vor 2025	Stundir sem munu fara fram vikulega. Ef þær fara fram þá er verkefnið að rúlla rétt	Að börnin njóti sín og fá reglulega stundir í Leikur að Læra

## 8 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan er skipulögð á einstaklingsmiðaðan hátt fyrir hvert barn, þar sem menntun án aðgreiningar er höfð að leiðarljósi. Þetta felur í sér að börn fá sína kennslu í fjölbreyttum aðstæðum. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem fá sérkennslu og unnið út frá markmiðum sem sett eru út frá matslistum. Lögð er áhersla á að öll börn séu virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og séu hluti af barnahópnum. Stundum er unnið í smærri hópum þegar verið er leggja áherslu á markmið sem krefjast e.t.v. rólegra umhverfis. Með þessu móti er leitast við að mæta þörfum hvers barns á sem bestan hátt.</p> <p>Fagteymi sérkennslunnar hefur haft reglulega fagfundi í vetur með það að markmiði að teymið deili þekkingu sín á milli. Samstarf fagteymis sérkennslu og starfsfólks deilda, ásamt lausnateymisfundum hefur stuðlað að frekara fullgildi barna.</p>
---	---



	<p>Það hefur verið gott samstarf við sérfræðinga á Norðurmiðstöð og hafa þeir veitt mikilvæga ráðgjöf og fræðslu. Síðastliðið skólaár hafa verið nokkrir lausnateymisfundir þar sem sérkennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi og talmeinafræðingur frá Norðurmiðstöð hafa verið viðstaddir. Við í leikskólanum erum sammála um að þessir fundir hafi verið gagnlegir.</p> <p>Sérkennslustjórar eru tengiliðir farsældar, sem sinna þjónustu í þágu farsældar barna og hafa sérkennslustjórar lagt áherslu á að kynna sér hvað felst þeirri nýju löggjöf með því að sækja námskeið og fræðslu.</p> <p>Heyrnar- og talmeinastöð hefur veitt góða ráðgjöf eftir atvikum. Einnig hefur verið samvinna við sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara barna og næringarráðgjafa á Landspítalanum (LSH). Hjúkrunarfræðingur hefur komið að málum með fræðslu og ráðgjöf þegar það er talið nauðsynlegt til að mæta sérstökum þörfum barna.</p> <p>Á heildina litið miðar sérkennsla að því að veita börnum stuðning og kennslu sem hentar þeirra einstöku þörfum, í nánú samstarfi við foreldra og sérfræðinga, með það að markmiði að hámarka þroska og árangur hvers barns.</p> <p>Skráningar á framvindu og árangri barna eru mismunandi eftir tegund íhlutunar. Til dæmis eru skráningar í atferlisíhlutun mun umfangsmeiri en skráningar í annars konar íhlutun og kennslu. Í málörvun, Gefðu 10, tengslareikning og verkefnum eru skráningar einfaldari og skráðar á aðgengilega lista. Þessir listar gefa m.a. upplýsingar um hvort barn fékk tímann, hvað var gert í tímanum, hvernig gekk og hvað verður tekið fyrir næst.</p>
--	--



<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Aldursbundnar skimanir eru lagðar fyrir öll börn í leikskólanum. EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða aldursári. HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem metur hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika, það er lagt fyrir öll börn á elstu deild. Einnig er notast við TRAS sem er skráning málþroskra ungra barna.</p> <p>Fyrir sum börn er einnig notað: AEPS (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children), VB-MAPP (Verbal Behavior Milestones Assessment and Placement Program) ABLLS-R (Assessment of Basic Language and Learning Skills – Revised), Íslenski máhljóðamælirinn og í einstaka tilfalli er notast við Íslenska þroskalistann sem er ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við höfum notað fjölbreytt námsefni í kennslu. Meðal þeirra eru bækur, spil og ýmis kennsluforrit fyrir iPad, svo sem „Lærum og leikum við hljóðin“ og „Orðagull“. Auk þess höfum við nýtt sérhæfð myndaspjöld til þjálfunar, tónlist, og fjölbreytt leikföng og námsefni sem styðja við markmið þjálfunarinnar. Við höfum meðal annars nýtt okkur heimsíðurnar fjölbreyttkennsla.is og menntastefna.is/verkfaerakista og fleira til að útbúa námsefni. Við leggjum áherslu á að nota áhugaverða hluti innan leikskólans, á leikskólalóðinni og í umhverfinu. Þessi fjölbreytta nálgun gerir okkur kleift að aðlaga kennsluna að þörfum og áhuga barnanna, sem stuðlar að betri árangri og meiri ánægju.</p>

#### Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæ ri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur



<b>Farsæld barna</b>	Kynna farsældar lögin og hlutverk tengiliða fyrir samstarfsfólki og foreldrum í leikskólanum.	Hafa kynningu fyrir foreldra á deildarkynningu í haust og sérkennslustjórar/tengiliðir farsældar hafa kynningu fyrir samstarfsfólki á starfsdegi. Upplýsingar um tengiliði á fleiri en einu tungumáli séu sýnilegar í t.d. fataklefum svo það auðveldi foreldrum að hafa samband við tengilið milliliðalaust og getað leitað aðstoðar hans.	Sérkennslustjórar/tengiliðir farsældar	Haut 2024	Vor 2025	Sérkennslustjórar/tengiliðir farsældar meta hvort áætlun hafi staðist	Að fræðslan hafi skilað sér til foreldra og samstarfsfólki og að leitað sé til tengiliða farsældar
<b>Fagfundir sérkennslu</b>	Síðastliðinn vetur komum við á reglulegum fagfundum sérkennslu. Þetta skólaár viljum við hafa fundina oft og markvissari	Við ætlum að hafa fundartíma einu sinni í viku. Við stefnum á að hafa ákveðið málefni á hverjum fundi þar sem annarsvegar fer teymi yfir hvernig vikan hefur gengið og hvað er framundan hjá einstaka barni eða við nýtum fundinn til að afla okkur fræðslu og/eða miðla þekkingu til að styrkja okkar fagmennsku.	Sérkennslustjórar	Haut 2024	Vor 2025	Sérkennslustjórar halda skráningu um fjölda funda og málefni hverju sinni, auk þess sem fagteymi sérkennslu metur í sameining hvernig til hefur tekist og hvort fundirnir hafi skilað tilætluðum árangri.	Teymið finni sig sterkara og sérkennara hafi aukið færni sína í starfi.
<b>Náms- og kennslugögn</b>	Hafa náms- og kennslugögn aðgengilegri og flokkuð á skipulagðan hátt.	Við ætlum að finna öllum náms- og kennslugögnum ákveðin stað sem verða flokkuð á skipulagðan hátt eftir ákveðnum viðmiðum.	Sérkennslustjórar	Haut 2024	Vor 2025	Yfirfara náms- og kennslugögn reglulega og samtali við starfsmannahópin.	Að ánægja sé meðal starfsfólks með skipulagið og að það nýti þau náms- og kennslugögn sem leikskólinn á í auknum mæli og noti fjölbreyttari kennsluaðferðir.



## 10 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Endurnýjum á námsefni og rúmt stöðugildi á deildum til að sinna málörvun fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markvisst er unnið með daglegan orðaforða og mikil áhersla er lögð á að unnið sé með Gefðu 10 á deildum svo og Orðaforðalista Menntamálastofnunar.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Lagt er upp með að ræða sem mest við börnin og leggja orð á sem flest. Ýmiss konar hóp- og verkefnavinna, samveru- og lesstundir eru nýttar í þessu skyni, ásamt tækifærum sem gefast í óskipulögðum aðstæðum. Áhersla er lögð á að nota jafn ríkulegan orðaforða og aðstæður gefa kost á.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Aldursbundnar skimanir eru lagðar fyrir fjöltynd börn eins og önnur börn. Hæfniramar eru notaðir, en miðað er að markvissari skráningu í þá. Ef áhyggjur vakna af hægum framförum er leitað til sérkennslu og, ef þörf er talin á, til talmeinafræðings. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þau börn sem þess þurfa.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Lögð er áhersla á orðaforða og málskilning, þar sem börnin læra ný orð og hvernig á að nota þau rétt í samhengi. Tjáning og frásögn eru einnig í forgrunni, þar sem börnin eru hvött til að tjá sig og segja frá reynslu sinni, sem styrkir hæfni þeirra til að koma hugsunum sínum í orð. Auk þess er lögð áhersla á hlustun og hljóðkerfisvitund, sem stuðlar að betri hlustunarfærni og skilningi á hljóðum tungumálsins. Ritmál er haft sýnilegt í umhverfinu. Félaglegt tungumál er einnig mikilvægt, þar sem börnin læra að eiga samskipti við aðra á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun barna eru einnig teknir með í reikninginn, þar sem leikskólinn leggur áherslu á að stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og að börnin fái tækifæri til að þróa styrkleika sína og áhugasvið. Með þessum hætti er tryggt að hvert barn fái einstaklingsmiðaða og heildstæða málþroskaþjálfun í leikskólanum.





Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
<b>Málörvun, hæfniramar og Gefðu 10</b>	Aukin eftirfylgni á skráningum á málörvun, Gefðu 10 og hæfnirömmum	Lögð verði meiri áhersla á að starfmaður á deild fylgi því eftir ásamt tengilið fjölmenninga r að skráningar séu alltaf gerðar til að verkefni falli ekki niður í dagsins önnum. Fundur með deildum að hausti þar sem rifjað er upp fyrir starfsfólki og kynntar fyrir nýliðum þær aðferðir sem leikskólinn leggur áherslu á að sérstaklega séu notuð í starfi með fjöltyngdum börnum til viðbótar við aðra málörvun.	Tengiliður fjölmenningar , deildarstjórar og stjórnendur	Septembe r 2024	Júní 2025	Metið með hæfnirömmum , yfirliti yfir daglegar skráningar, samtölum og skimunum.	Framfarir barnanna .

## 9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl milli stjórnenda og starfsmanna voru á sínum stað. Mikilvægur partur í því að meta starfið og taka púlsinn á starfsfólkinu og jafnvel finna þeim farveg í starfi þar sem þau hafa mestan séns á að blómstra. Almennu voru starfsmenn ánægðir og líður vel hér. Starfsþróunarsamtöl



fóru fram í lok apríl byrjun maí . Lagt var upp með að hafa þau sem létt spjall og var aðal áherslan lögð á líðan í starfi og framtíðarsýn á áframhaldandi starf innan leikskólans. Unnið var úr þeim þegar hugað var að röðun á deildar fyrir næsta skólaár.

## 10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við hverfisgrunnskóla var með svipuðum sniðum undanfarinn ár. Heimsóknir í hverfisgrunnskólann með hóp elstu barna svo þau fengju færi á að kynnast umhverfinu þar. Ósk okkar leikskólakennara um að börn fari að loknu sumarfríi að fara í grunnskólann og eiga þar tíma með stuðningsfulltrúum og svigrúm til að kynnast umhverfinu þar er farin að rætast í sumum hverfum og teljum við það gríðarlega gott skref í rétta átt fyrir alla aðila í málinu. Einnig voru skilafundir milli grunnskólanna og deildarstjóra elstu deilda sem er okkar tækifæri til að hjálpa þeim kennurum sem taka við þeim að undirbúa móttöku þeirra.

## 11 Foreldrasamvinna

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldin í okóber þar sem starfsemin var kynnt og kosið í stjórn félagsins. Hlutverk félagsins er einkum að efla tengsl foreldra og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Foreldrafélagið heldur 2-3 fundi á hvorri önn og eru fundirnir haldnir á kvöldin.

Í foreldraráði eru þrír foreldrar og þeir fengu kosningu á Aðalfundi foreldrafélagsins í október. Foreldraráðið fundar 2-3 sinnum á vetri með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra þar sem farið er yfir starf vetrarins og áherslubreytingar ef einhverjar eru.

Ekki gekk nógu vel að funda með foreldraráðinu í ár og má klárlega gera úrbætur á því.

Samskipti gengu þó ágætlega fyrir sig þó þau hefðu mátt vera meiri.



## 12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar næsta vetrar verða sex og eru þrír þeirra á sama tíma og hjá grunnskólanum en þar sem við erum að fara í námsferð verða tveir saman í lok maí.

Skipulagsdagar næsta skólaárs eru eftirfarandi:

- ★ Föstudaginn 27. september
- ★ Föstudaginn 22. nóvember (sameiginlegur með grunnskólanum)
- ★ Fimmtudaginn 2. janúar (sameiginlegur með grunnskólanum)
- ★ Mánudaginn 24. mars (sameiginlegur með grunnskólanum)
- ★ Miðvikudaginn 28. maí (Námsferð leikskólans)
- ★ Föstudaginn 30. maí (Námsferð leikskólans)

Strax í haust mun leikskólastjóri huga að námskeiðum og skipulagningu skipulagsdaga næsta vetrar. Nú þegar er komið smá plan fyrir skipulagsdaginn 27. september, en hann verður nýttur fyrir skyndihjálparnámskeið og hópefli starfsmanna eins og venja hefur verið undanfarin ár. Fyrirhugað er að fara í námsferð í maí 2025 og verða tveir skipulagsdagar nýttir fyrir þá ferð.

## 13 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Fylgiskjal

# Starfsáætlun 2024 – 2025 Austurborg

Foreldraráð Austurborgar hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2024-2025. Áætlunin er vel sett fram, skýr og metnaðarfull með markmiðum sem miða að því að ná árangri og efla skólastarfið enn frekar, auk þess að vekja ánægju meðal barna, foreldra og starfsmanna Austurborgar.

Leikskólinn Austurborg fagnaði 50 ára afmæli þann 13. júní, þó hinn formlegi afmælisdagur skólans sé 1. júlí. Börnin voru virkir þátttakendur í undirbúningi afmælishátíðarinnar, og það var einstaklega ánægjulegt að sjá þeirra framlag koma fram í vel heppnaðri og skemmtilegri hátíð.

Foreldrasamstarf Austurborgar hefur verið til fyrirmyndar, þar sem foreldraviðtöl eru mikilvægur hluti af samskiptum við foreldra. Í þeim koma fram mikilvægar upplýsingar um framfarir barnsins og einstaklingsbundnar upplýsingar.

Góður starfsandi ríkir á Austurborg, þar sem jákvæðni og gleði einkenna metnaðarfullt skólastarf. Þessi jákvæði andi hefur mjög góð áhrif á börnin og foreldra, sem njóta góðs af henni í daglegu starfi skólans.

## Foreldraráð leikskólans skipa:

**Anna Lind Pálsdóttir**

**Bylgja Rós Rúnarsdóttir**

**Olav Veigar Davíðsson**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**



